Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 24

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vigfús Árnason

Eptir beiðni yðar hávelborni amtmaður, skrása jeg undirskrifaður hreppstjóri lífshlaup vinnumanns míns, eptir hans framburði, Vigfúsar Árnasonar, sem hingað fluttist vistferlum vorið 1885–86. og byrjar svo lífshlaupið sem hér segir:

Ár 1840. er Vigfús þessi fæddur að Björnskoti á Skeiðum, foreldrar hans Árni Eyúlfsson og Valgerður Beintúnsdóttir, í þessum hreppi dvaldi hann þar til 1843–44. þaðan fluttist hann með foreldrum sínum, að Snæfoksstöðum í Grímsnesi, þaðan aptur 1844–45. útí Ölves að Nýjabæ,
— — 1857–58. að Tannastöðum í sama hreppi, þaðan. 1868–69. að Ásgarði í Grímsnesi
þaðan aptur. 1871.–72. að Hraunkoti, í sama hreppi,
— — 1877–78. að Skipholti við Reykjavík
— — 1878–79 – að Saudagerði – —.
— — 1880–81. að Svartagili í Þingvallasveit
— — 1882–83 að Ingunnarstöðum í Kjósarhreppi
— — 1884–85 að Laxárnesi — — í — ,
— — 1885–86 að Þormóðsdal eins og að ofan er fráskýrt.

Af skýrslu þessari er það ljóst, að Vigfús þessi hefir verið 11 ár í Ölves hreppi frá 16 ára aldri, og því getur einginn vafi verið um að það er hans ~~[illegible]~~ rjetti framfærslu hreppur. — þetta að gefst yður hjer með til þóknanlegrar vitundar.

Þormóðsdal. hinn 15 januarm: 1887.

Halldór Jónsson

Til

Amtmanns E. Th. Jónassonar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 29. janúar 1887.

Herra Bæjarfógeti!

Hérmeð leyfi eg mér, að senda yður, lífshlaup Vigfúsar Árnasonar, nú vinnumanns í Þormóðsdal í Mosfellssveit, er hreppstjóri þar og núverandi húsbóndi Vigfúsar eptir beiðni minni hefir tekið, því nefndur Vigfús skulda fyrir legu sína hér á sjúkrahúsinu 1883? nálægt 40 Krón, er eg sem bæjarfógeti ábyrgðist fyrir hönd fátækranefndarinnar borgun á, en þegar Vigfús var fluttur á sjúkrahúsið* var hann <u>nærri</u> <u>dauðvona</u> af lungnabólgu, svo eg gat þá ekki tekið próf um sveitfesti hans, en <u>þegar hann</u> frískaðist þá fór hann

* eptir beiðni hlutaðeigandi læknis til mín.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

burt úr bænum, án þess svo mikið sem að finna mig; og ég veit síðan ekkert um hann þangað til ég í haust af kunnugum manni honum frétti að hann væri vinnumaður í Þormóðsdal.

Annars minnir mig ekki betur en að Vigfús 1879–80 væri sem „tómthúsmaður í Ölfusi" í Sandagerði sektaður um 10 kr. eptir Amtsúrskurði; og ef hann eigi var reglul. fluttur þaðan fátækraflutningi á sveit sína, þá var honum þó að minnsta kosti tilkynnt að hann yrði héðan að fara. Um þetta sést víst útlistað í lögregluþings-bókinni fyrir nefnd ár. cfr. gjörðabók fátækranefndarinnar.

Virðingarfyllst

E. Th. Jónassen

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur